

Ed.

338. Nefndarálit

[159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við umfjöllun málsins og fylgifrumvarps þess, 160. máls Ed., var leitað margháttaðra upplýsinga embættismanna. Þá voru kvaddir á fund nefndarinnar fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og sendu hvor tveggja samtökin síðan skriflega umsögn. Skrifleg umsögn ásamt óskum um allveigamiklar breytingar á frumvarpinu kom einnig fram frá eftirtöldum félagasamtökum: Félagi ísl. iðnrekenda, Félagi ísl. prentiðnaðarins, Fél. ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasamtökum Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi ísl. rafverktaka, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sambandi fiskvinnslustöðvanna, Sambandi málm- og skipasmiðja, Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, Verktakasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Verslunarráði Íslands.

Eftir miklar umræður um málið og könnun þess varð það niðurstaða meiri hl. nefndarinnar að heppilegast væri að flytja engar breytingartillögur. Ekki komu heldur fram á fundum nefndarinnar neinar breytingartillögur frá minni hl. Þess er þó rétt að geta að nefndin flytur eina tillögu sem er til leiðréttingar á mistökum í prentun. Með þessum fyrirvara mælir meiri hl. nefndarinnar með samþykkt frumvarpsins eins og það var fram lagt. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 9. febr. 1984.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Lárus Jónsson.

Tómas Árnason.

Valdimar Indriðason.